

Pótt vonirnar brygðust svona herfilega, vildu þingmenn ekki að svo stöddu afnema einkasöluna. Þeir tóku því það ráð, að lækka enn áætlunina verulega, eða niður í 600 þús. kr. í fjárlögunum fyrir árið 1924. — Voru þeir þá komnir með áætlun sína niður fyrir tolltekjurnar einar árin 1919 og 1920. Þá fór það líka svo, loksins, að tekjurnar náðu áætlun og ríflega það. Þær urðu alls 876 þús. kr. (526 þús. tollur og 350 af einkasölu), eða 276 þús. kr. fram úr áætlun fjárlaganna.

Þegar verið var að afnema tóbakseinkasöluna á þingi 1925, vituðu einokunarpóstularnir óspart til ársins 1924. Þeir vildu ekki líta við árunum næstu á undan; litu aðeins til veltuársins 1924. En í öllum sínum gyllitölum, gleymdu þeir ávalt að geta þess, að um 70 þús. kr. af tekjunum 1924 voru beinlínis teknar með gengismismun. Sá gengismismunur stafaði af því, að landsverslunin hafði 6 mánaða gjaldfrest erlendis, en ísl. krónan hækkaði stórum á þeim tíma. Einnig gleymdu einokunarpóstularnir í útreikningum sínum, að geta þess, að 1. apríl 1924 er tollurinn hækkaður um 25% (gengisviðaukinn). Það eru því alveg sjerstakar ástæður þess valdandi, að áætlunin stenst 1924. Annarsvegar er það óvænt happ, sem verslunin verður fyrir, en hinsvegar breytt löggjöf, sem eykur tekjurnar stórum. Þessi óvæntu höpp má því ekki taka með í reikninginn. Þau verða að dragast frá. En hver verður útkoman þá?

Útkoman verður þá sú, að á árinu 1924, einhverju mesta veltiári, sem komið hefir, ná raunverulegar tekjur af tolli og einkasölu ekki upphaflegu áætluninni, sem gerð var 1921, þegar verið var að koma einkasölunni á.

Árið 1925 var síðasta ár tóbakseinkasölnnar. Þá var mikið kapp á það lagt, að sýna glæsilega útkomu. Enda hefðu einokunarpóstularnir mátt vera miklir skussar, ef þeim hefði ekki tekist að afla tekna það ár, þegar allar ríkissjóðstekjur fóru langt fram úr áætlun. Þar á ofan bættist einnig það, að tóbakseinkasalan varð enn fyrir því óvænta happi þetta ár, að græða á gengismismun. Loks má geta þess, að tóbak fór lækkaandi erlendis frá ársbyrjun, en tóbakseinkasalan lækkaði lítið sem ekkert verðið fyrir en undir árslok. Var álagning einkasölnnar óhæfilega há þetta ár. Með þessu móti gat einkasalan fengið álitlegar tekjur 1925, eða 1.108 þús. kr. (658 þús. tollur og 450 þús. af einkasölu). Salan þetta ár var einnig óeðlileg, því að undir árslokin seldi einkasalan allt það tóbak, sem til var á „lager“, en það voru allmiklar birgðir.

Verslunararðurinn frá einkasölunni þetta síðasta ár, er því alveg sjerstaks eðlis, og ekki hægt að taka hann með, þegar verið er að rannsaka afkomu þessa verslunarfyrirtækis ríkissjóðs.

### III.

Það sem aðallega olli því, að þær fjárhagsvonir, er menn í fyrstu gerðu sjer af tóbakseinkasölunni, brugðust gersamlega, var það, að tóbaksinnflutningur fór stöðugt minnandi. Við það misti ríkissjóður mjög mikið af tolltekjum, sem ógerningur var að ná aftur með álagningu í einkasölunni.

Til þess hefði álagningin þurft að verða svo mikil og varan svo dýr, að fáir hefðu getað keypt. — Þá var og orðin mikil hætt á, að menn hefðu reynt að smygla vörnni inn.

Tóbakseinkasalan brást vonum manna á fleiri sviðum en því fjárhagslega. Menn hjeldu í byrjun, að hjer yrði hægt að afla ríkissjóði tekna á ódýran og hagkvæman máta. Þótt reyndin yrði sú, að tekjurnar næðu hvergi nærri þeirri áætlun er búist var við í upphafi, fór allur kostnaður við öflun tekna margfalt fram úr áætlun. — Menn hjeldu í upphafi, að allur kostnaður við verslunarfyrirtæki þetta mundi ekki fara fram úr 30 þús. kr. En hver varð reyndin? — Kostnaðurinn varð nálægt 100 þús. kr. Hann gerði meir en þrefaldast frá því er áætlað var upphaflega.

Sömu gallar komu fram við þessa einkasölu, eins og fram koma við allar einkasölur. Varan varð verri og dýrari fyrir neytendur; öll verslun varð mjög þvinguð og stíð í vöfum. Voru jafnvel svo mikil brögð að þessu, að til voru heilir landshlutar, sem voru gersamlega tóbakslausir tímunum sam an. —

Um þessa ríkisverslun myndaðist pólitískur hringur, einkskonar vígi fyrir þá menn, sem vildu binda alla verslun landsmanna ein okunarfjötrum. Þessir menn litu svo á, að þetta fyrirtæki væri aðeins einn hlekkur í samfeldri einokunarkerðju, sem á eftir mundi koma.

Vegna þessa pólitíska vígis, sem myndaðist utan um verslunina, mátti ekki orðinu halla gagnvart þessari stofnun. Ef nokkur leyfði sjer að koma með minstu aðfinslur, var það talin ofsókn á stofnunina. Var sá talinn „óalandi og óferjandi“, sem leyfði sjer að koma með aðfinslur.

Loks má geta þess, að verslun þessi var þess eðlis, að henni þurfti ekki að fylgja nein áhætta fyrir ríkissjóð. Áætlunin var líka sú í upphafi, að ríkissjóður bakaði sjer enga áhættu með tóbakseinkasölunni. Þó var svo komið, að verslunin átti orðið verulegar upphæðir útistandandi. Við síðustu áramót, voru ónnheimtar yfir 70 þús. kr. og fullt á síðasta þingi, að mikið af því fje væri gersamlega tapað.

Sú reynsla, sem fjekest af tóbakseinkasölunni, getur á engan hátt ftt undir menn að fá samskonar þjóðnýtta stofnun aftur. Þvert á móti ætti reynslan alvarlega að vara menn við því, að fara þessa leið, til þess að afla ríkissjóði tekna.

Framsókn og sósíalistar hafa ekki þjóðarviljann að baki sjer, þótt þeir reyni nú að koma á einokun aftur. Þjóðin hefir altaf verið á móti einokun, og er það enn. Hún vill verslunina frjálsa og óþvingaða. — Sjerhver einokunarlökkur myndar kyrsstöðuástand, sem smámsaman drepur alla framtakssemi hjá einstaklingnum og allt hans viljabrek.

**Veitt prestakall.** Hinn 24. sept. skipaði dóms- og kirkjumálaráðherrann Sigurð Einarsson, settan prest í Flateyjarprestakalli, sóknarprest sama staðar.



## Björn Blöndal læknir.



Aðfaranótt 27. f. m. andaðist að heimili sínu á Siglufirði, Björn Blöndal, læknir. Hann varð fyrir því slysi ekki alls fyrir löngu, að detta á götu á Siglufirði og lærbrotna. Mjög var hann farinn að heilsu. Þetta áfall dró hann til dauða.

Björn Blöndal var sonur Gunnlaugs Blöndals sýslumanns í Barða strandsýslu. Móðir hans Sigríður, var dóttir Sveinbjarnar skólastjóra Egilssonar. Björn var fæddur 19. september 1865. — Hann útskrifaðist úr Latínuskólanum 1885, úr læknauskólanum 1889. — Eftir utanlandsför varð hann læknir í Norður-Þingeyjarsýslu. Um aldamót varð hann læknir í Miðfjarðarhjeradi; þar var hann uns hann ljet af læknisstörfum fyrir allmörgum árum.

Björn Blöndal hafði fengið ríka listhneigð að erfðum. Hún mótaði líf mannsins mest.

Hann var söngmaður ágætur; læk mætavel á orgel, fekkst við tónsmíðar, teiknaði. Listhneigð hans var svo sterk, að hann átti erfitt með að samlagast erfiðisvinnu daglega lífsins.

Alstaðar var hann vel látinn, enda drengur hinn besti, ósjerhlífinn, ör og glaðvær. En mönnum datt fljótt í hug við viðkyrningu, að hann hefði aldrei komist á þá hyllu í lífinu, sem eðli hans benti til. Listamannsbrautin var hjer lokuð á uppvaxtarárum hans.

Bót á þeirri raun fekk Björn síðustu æfiár sín, að því leyti, að hann sá Gunnlaug son sinn þroskast og framast, sem efnilegan málara. Örfáir íslenskir listamenn hafa fengið eins alment lof erlendis eins og Gunnlaugur. Hann kom heim úr fjöggra ára Parísardvölum áður en faðir hans fekk áfall það, er dró hann til dauða.

Þetta hefir ræst úr þjóð vorri síðustu 40 árin. Björn heitinn varð með sína hæfileika að kúlðrast í erfiðum læknishjeruðum. Hinar kulnuðu listamanns vonir Björns hafa fengið að vakna til þroska í hinum efnilega syni.

Björn var giftur Sigríði Möller. Lifir hún mann sinn.

**Verslunarráðið.** Samkvæmt lögum þess hefir farið fram kosning 3 fulltrúa í stjórn þess, og voru endurkosnir þeir Jensen Bjerg, Jes Zimsen og Jón Brynjólfsson.



## Margrjet Jónsdóttir

frá Vesturhópshólum.

Aðfaranótt 15. f.m. andaðist að heimili J. Þorlákssonar fyrv. ráðh., móðir hans, Margrjet Jónsdóttir. Hún fjekk snert af lungnabólgu nokkru fyrir andlátið, og var þá allmikið veik, svo að þeir synir hennar, Jón og Magnús, hurfu í skyndi heim úr ferð austur í sveitum. En síðar var hún talin á góðum batavegi, og álitu lækna hana úr allri hættu.

Margrjet var háöldruð kona, fædd að Undirfelli í Vatnsdal 26. nóvember 1835. Faðir hennar var Jón Eiríksson prestur að Undirfelli, en í móðurætt var hún komin af Finni biskup, og var sama Margrjetar nafnið og Margrjetar Finnsdóttur.

Hún misti föður sinn, er hún var um tvítugt. Fór þá til Reykjavíkur til náms. Var slíkt óvenjulegt á þeim árum. Árið 1870 gekk hún að eiga Þorlák son sjera Þorlaks að Undirfelli. En sjera Þorlákur tengdafaðir hennar var eftirmaður sjera Jóns Eiríkssonar á Undirfelli.



Margrjet Jónsdóttir.

Þau bjuggu fyrst nokkur ár á Snæringstöðum í Vatnsdal. En brátt varð sú jörð þeim of lítil. Fluttu þau þaðan að Vesturhópshólum árið 1873. Þar bjuggu þau um langt skeið hinu mesta myndarbuði.

Þau eignuðust fimm börn og eru fjögur á lífi, öll þjóðkunn, Jón fyrv. ráðh., Björg doktor, Sigurbjörg kennari og Magnús bóndi á Blíkastöðum.

Árið 1908 fluttist hún hingað suður og var ýmist hjá Magnúsi syni sínum á Blíkastöðum, eða hjer í bænum á heimili Jóns.

Margrjet heitin var á marga huld skörungur hinn mesti, og bar hún þessi glögg einkenni fram á síðustu æfiár. Hún var víðlesin og fróð með afbrigðum, stálminnug á alt sem hún las eða fyrir hana bar. Sem húsmóðir á Vesturhópshólum var myndarskapur hennar annálður.

Í daglegri umgengni var hún glaðvær og hress fram á síðustu daga. Sá, sem þetta ritar, minnst hennar sem kjarkmikils kvenskörungur, er alstaðar ljet til sín taka hvar sem hún kom og við alt sem hún á annað borð ljet sig skifta.

## „Áhætta verkalýðsins“.

Formaður Sjómannafjelagsins, Sigurjón Ólafsson, alþingismaður, hefir nær 20 þúsund krónur af sjómönnum á ellefu togurum.

Hinn 28. júní síðastliðinn voru undirskrifaðir samningar milli útgerðarmanna og Sjómannafjelagsins um kaup sjómanna á togurum við síldveiðar.

Sigurjón Ólafsson, formaður Sjómannafjelagsins, hrósaði sjer þá af því í Alþýðublaðinu, að hann hefði unnið stórsigur fyrir hönd sjómanna með samningunum, eins og þeir voru gerðir. En samleikurinn var sá, að samningarnir voru miklu verri fyrir sjómenn heldur en kjör þau, er útgerðarmenn höfðu boðið. Útgerðarmenn buðu að greiða sjómönnum 180 krónur á mánuði og 5 aura „premiu“ af hverju máli síldar í bræðslu, eða tunnui söltun. Að þessu vildi Sigurjón ekki ganga fyrir hönd sjómanna fyrir neinn mun. Hann fekk því svo framgengt að kjörin urðu kr. 211.50 mánaðarkaup og 3 aura „premia.“

Hinn 30. júní lýsti Morgunbl. þessum „sigri“ Sigurjóns og gat þess, að með þvermóðsku sinni hefði hann orðið þess valdandi að sjómenn mundu tapa stórfje. Þetta hefir nú reynslan sannað. Vjer höf um fengið síldarafla-skýrslur 11 togara síðan í sumar og sjest á þeim að hásetar á þeim skipum hafa tapað 100 krónum að meðaltali á „sigri“ Sigurjóns, þegar miðað er við kaupþilboð útgerðarmanna. — Tap sjómanna er að vísu mjög misjafnt, eftir því hvernig skipin hafa aflað. Á aflahæstu skipunum hafa sjómenn tapað 140—150 krónum hver á þessum tveimur mánuðum, sem skipin voru á veiðum.

Þannig er þá „sigurinn“, sem „Alþýðublaðið“ var að gorta af að Sigurjón hefði unnið í samningunum við útgerðarmenn. Það eru nær 20 þúsund krónur, sem Sigurjón hefir haft af sjómönnum á þessum 11 skipum aðeins. Vjer höfum ekki fengið aflaskýrslur fleiri togara, svo að vjer getum ekki sagt um það með vissu, hvað sjómenn hafa tapað alls.

„Áhætta verkalýðsins“ er margskonar. Hvað segja sjómenn nú um það, að hafa slíkan fulltrúa sem Sigurjón Ólafsson? Skyldu þeir hlakka til þeirra „sigra“ sem hann vinnur fyrir þá á Alþingi?

## Sjóðpurðarmálið.

Sakamálsrannsókn fyrirskipuð.

Ríkisstjórnin hefir nú skipað svo fyrir, að hafin skuli sakamálsrannsókn út af sjóðpurðinni í Brunabótafjelagi Íslands. — Mun forstj. Brunabótafjelagsins hafa verið tilkynnt þetta á föstudag, en hann sendi samstundis málið til bæjarfógeta.

Alþýðublaðið, málagn stjórnarinnar, hefir í skrifum sínum um þetta mál undanfarið, verið að gefa í skyn, að ýmsir aðrir en gjaldkeri fjelagsins mundu vera valdir að sjóðpurð þessari. Blaðið fær nú vafalaust fulla vitneskju um þetta atriði, og gefst þá tæki-